

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 65.
stjórnarfundur 27. september 2007 kl:16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 5. fundur
stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Elfa Rúnarsdóttir, Einar Björn Kristbergsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Í síma voru Þráinn Lárusson og Halldóra D. Hafþórsdóttir.

1. **Undirbúningur aðalfundar (15. okt. n.k. kl.15:00)**

Stjórnarmeðlimir tjáðu sig um fjárhagsáætlun 2008.

Tillögur til nýrrar stjórnar þurfa að berast Sigurbirni fyrir aðalfundinn.

Skýrsla stjórnar/formanns verður flutt. Stjórnin fær hana til yfirlstrar fyrir fund.

Sigurbjörn kynnti fyrirkomulag aðalfundar. Hann mun senda út gögn til sveitarfélaganna á næstu dögum um fundinn og fær tilnefningar þeirra sem munu mæta á aðalfund.

2. **Önnur mál.**

- a) Sigurbjörn fór yfir fund með HSA, félagsþjónustu Héraðssvæðis, Svæðisskrifstofu og ME. frá 26. september 2007 um samstarfsverkefni (ABG verkefni). Nokkrar umræður voru um þann fund og mun stjórnin mun fjallar nánar um það þegar þar að kemur.
- b) Forvarnardagurinn 21.nóvember. Eitt af markmiðum dagsins er að virkja nemendur, skóla og samfélagið í baráttunni gegn fíkniefnum. Þrjú megin viðfangsefni eru:
 - Samvera
 - Íþrótt og æskulýðsstarf
 - Hvert ár skiptir máli – afleiðingar áfengisneyslu
- c) ADHD námskeiðið sem Skólaskrifstofan stóð að og sagt var frá á síðasta stjórnarfund, gekk mjög vel. 36 þátttakendur mættu og var almenn ánægja með námskeiðið.
- d) Sigurbjörn kynnti fyrirhugaðan fund með Alcoa um skólaheimsóknir, í næstu viku.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 16:45.

Svanhvít Aradóttir (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Einar Björn Kristbergsson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)